

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stefnis hf. vegna ársins 2020 var haldinn 18. mars 2021 að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fundurinn var settur kl. 12:00.

### 1. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður Stefnis, setti aðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, regluvörður félagsins, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

#### *Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur*

Guðmundur tók við stjórn fundarins og lagði til að Fannar Freyr Ívarsson, lögmaður, yrði kjörin fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri gekk úr skugga um að mætt væri af hálfu beggja hluthafa félagsins. Til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 7. gr. samþykkt félagsins. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

#### *Dagskrá fundarins*

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreikning fyrir s.l. starfsár, þ.e. liðir 2 og 3, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu framkvæmdastjóra félagsins. Enginn hreyfði við andmælum og var því tillagan samþykkt.

### 2. Skýrsla stjórnar

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. Stjórnarformaður fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur í rekstri félagsins. Þá gerði hún grein fyrir stefnu stjórnar í starfskjaramálum auk þess sem hún gerði grein fyrir meginatriðum kaupaukakerfis félagsins. Kynning formanns stjórnar fylgir með fundargerð þessari.

### 3. Staðfesting ársreiknings

Jóhann Möller, framkvæmdastjóri félagsins, gerði grein fyrir rekstri félagsins sem og ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár. Kynning framkvæmdastjóra fylgir með fundargerð þessari.

Að lokinni kynningu framkvæmdastjóra var fulltrúum hluthafa gefinn kostur á að ræða skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Því næst bar fundarstjóri ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann staðfestur samhljóða.

### 4. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um arðgreiðslu að fjárhæð 837 milljónir króna, en mismunur arðgreiðslu og hagnaðar gangi til hækkunar á eigin fé félagsins.

Fulltrúum hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna síðan undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.



## 5. Breytingar á samþykktum félagsins

Eftirfarandi breytingartillögur lágu fyrir fundinum:

3. gr. orðist svo:

### 3. gr.

*Tilgangur félagsins er hvers konar daglegur rekstur verðbréfa-, fjárfestingar og fagfjárfestastjóða skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, sbr. 7. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 45/2020, um rekstrarfélög sérhæfðra sjóða. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf og varsla og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 7. tl. 1. mgr. 4. gr., sbr. c-lið 6. tl. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Einnig rekstur sá sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins.*

7. gr. orðist svo:

### 7. gr.

*Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.*

*Aðalfund skal halda fyrir lok aprilmánaðar ár hvert.*

*Til aðalfundar skal boða með bréfi eða á annan sannanlegan hátt til hluthafa með skemmst tveggja vikna fyrirvara, en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Til annarra hluthafafunda skal boðað með minnst viku fyrirvara. Þó má halda aðalfund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega.*

*Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund, tveimur vikum fyrir aðalfund, nema boðunarfrestur sé skemmri, skulu dagskrá og endanlegar tillögur liggja fyrir hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar. Þegar um aðalfund er að ræða skulu ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda lögð fram með sama fyrirvara og hætti.*

8. gr. orðist svo:

### 8. gr.

*Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir upphaf fundar.*

19. gr. orðist svo:

### 19. gr.

*Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.*

*G. P. H. F. F. I.*

*Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins 26. september 1996, með áorðnum breytingum á aðalfundi 22. apríl 1998, 27. júní 2003, 1. október 2003, 8. apríl 2004, á hluthafafundi 10. desember 2007, á aðalfundi 9. júní 2009 á hluthafafundi 24. nóvember 2009, á aðalfundi 16. apríl 2010, á aðalfundi 21. mars 2011, á aðalfundi 20. mars 2012, á aðalfundi 20. mars 2013, á aðalfundi 17. mars 2015, á aðalfundi 10. mars 2016, á aðalfundi 27. mars 2020 og á aðalfundi 18. mars 2021.*

Fram kom að ekki væri um efnislegar breytingar að ræða í 3. gr. og 19. gr. samþykktanna. Eingöngu væri lagaheitum breytt í samræmi við breytingar sem gerðar voru á heiti laga nr. 128/2011, bætt við tilvísun vegna nýrra laga nr. 45/2020, auk þess að sett var inn ný dagsetning á samþykki samþykta. Hvað varðar 7. og 8. gr. samþykktanna er leitast við að gera þær skýrari og samræma orðlag við hlutafélagalög, þá sérstaklega með því að hafa boðunarfrest og framlagningu gagna skýrari varðandi aðalfundi félagsins.

Fulltrúum hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillögurnar en enginn óskaði eftir því að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

#### **6. Kosning stjórnar félagsins**

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum félagsins bæri að kjósa stjórn á aðalfundi. Í fundargögnunum væri að finna nöfn þeirra einstaklinga sem hefðu boðið sig fram til setu í stjórn félagsins.

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Guðfinna Helgadóttir, kt. 260176-4989.

Jón Óttar Birgisson, kt. 090474-4059.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, kt. 180863-3629.

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í varastjórn félagsins:

Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230568-5379.

Þórhallur Örn Guðlaugsson, kt. 100962-3659.

Samkvæmt þessu var sjálfkjörið í stjórn og lýsti fundarstjóri kjöri framangreindra aðila til stjórnar og varastjórnar og óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kjörið.

#### *Staðfesting endurskoðanda félagsins*

Hluthafar staðfestu að Deloitte ehf. haldi áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi Stefnis hf. og að greidd verði þóknun samkvæmt reikningi. Umsjónarendurskoðandi er Pétur Hansson. Byggir sú tillaga á samningi milli móðurfélags félagsins, Arion banka hf., og Deloitte ehf. frá ágúst 2019 og 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fulltrúum hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

*G.S. F.F.I.*

## 7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu að starfskjarastefnu, þess efnis að starfskjarastefna yrði samþykkt eins og hún lá fyrir fundinum. Stefnan var á meðal fundargagna.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var tillaga stjórnar að starfskjarastefnu samþykkt einróma.

## 8. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Því næst bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn:

*Gerð er sú tillaga að almennir stjórnarmenn fái greiddar 319.000 kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greidd tvöföld laun stjórnarmanna. Varastjórnarmenn fái greiddar 54.500 kr. fyrir hvern setinn fund í forföllum aðalmanns. Nefndarmenn endurskoðunar- og áhættunefndar fái greiddar 107.000 kr. á mánuði fyrir setu sína í nefndinni.*

Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Ekki var óskað eftir því og var því gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt samhljóma.

## 9. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka tók þá til máls. Hann þakkaði fyrir gott og árangursríkt ár og þakkaði starfsmönnum og stjórn félagsins fyrir vel unnin störf á árinu.


Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis hf. árið 2021, fyrir árið 2020, slitið kl. 12:52.

Reykjavík, 18. mars 2021



Guðmundur Thorlacius Ragnarsson,  
fundarstjóri



Fannar Ereyr Ívarsson,  
fundarritari